

## 16. gr.

Ef barn fæðist andvana, skal fæðingarorlof greiðast í tvo mánuði.

Einnig skal fæðingarorlof greitt í tvo mánuði, ef um er að ræða fósturlát, sem jafna má til fæðingar.

## 17. gr.

Fæðingarorlof fellur niður, ef foreldri lætur barn frá sér fara vegna ættleiðingar, uppeldis, fóstur eða til varanlegrar dvalar á stofnun. Í slíkum tilvikum skal fæðingarorlof þó aldrei greitt skemur en í einn mánuð eftir fæðingu barns.

## 18. gr.

Kjörforeldrar, uppeldis- eða fósturforeldrar eiga rétt á tveggja mánaða fæðingarorlofs-greiðslu vegna töku barns til fimm ára aldurs.

Sé um fleiri en eitt barn að ræða í sömu fósturráðstöfun eða ættleiðingu, greiðist fæðingarorlof einum mánuði lengur, allt að þremur mánuðum.

Umsækjandi leggi fram staðfestingu barnaverndarnefndar eða sveitarfélags um fóstur-ráðstöfun eða leyfi til ættleiðingar, eftir því sem við á.

Sé um ættleiðingu erlendis frá að ræða, skal umsækjandi leggja fram íslenskt leyfi til ættleiðingar.

## 19. gr.

Fæðingarorlof greiðist óháð öðrum bótum almannatrygginga.

## 20. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 97/1980 um breyting á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 11. apríl 1983.*

**Svavar Gestsson.**

*Jón Ingimarsson.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum nr. 338/1978.**

## 1. gr.

3. mgr. 9. greinar hljóði svo:

Bætur vegna skipa eldri en 15 ára skulu ekki vera hærri en kr. 8 340,00 á rúmlest í skipi. Sé skip yngra en 15 ára, hækkar hámarkið um kr. 834,00 á rúmlest fyrir hvert ár upp í kr. 14 770,00 á rúmlest.

## 2. gr.

Upphaf 4. mgr. 9. greinar hljóði svo:

Bætur skulu aldrei vera hærri en kr. 2 500 000,00 vegna eins skips.

3. gr.

2. mgr. 10. greinar hljóði svo:

Árgjöld skulu vera kr. 266,00 á rúmlest af tréskipum og kr. 133,00 á rúmlest af stálskipum. Þó skal árgjald ekki vera hærra en kr. 39 914,00 af einu skipi.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 37/1978 um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og öðlast þegar gildi. Fjárhæðir þær, sem ákveðnar eru í 1. til 3. gr. gilda frá 1. janúar 1983.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. apríl 1983.*

F. h. r.  
Jón Ingimarsson.

*Ragnhildur Þórðardóttir.*

Nr. 263

## REIKNINGUR

Iðnlánasjóðs fyrir árið 1980

Rekstursreikningur árið 1980

Gjöld:

		Krónur
Vaxtagjöld .....	309 571 831	
Vísitöluálag .....	493 453 607	
Lántökugjöld .....	43 250 000	846 275 438
	<hr/>	
Reksturkostnaður .....		144 561 944
Framlag til hagrannsókna .....		80 000 000
Afskrifað gengistap .....		14 884 664
Afskriftir af húsbúnaði .....		105 500
Tekjuafgangur .....		1 885 955 849
		<hr/>
		2 971 783 395
		<hr/>

Tekjur:

		Krónur
Vaxtatekjur .....	1 029 279 202	
Vísitöluálag .....	654 815 945	
Lántökugjöld .....	75 714 974	1 759 810 121
	<hr/>	
Innborgað iðnlánasjóðsgjald .....		885 519 000
Fjárveiting ríkissjóðs .....		300 000 000
Innborgað framleiðslugjald af áli .....		26 454 274
		<hr/>
		2 971 783 395
		<hr/>